


Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans  
Kennsluáætlun í byrjendalæsi



Til notkunar með Komdu og skoðaðu fjöllin

eftir Sigrúnu Helgadóttur og Áslaugu Jónsdóttur  
Námsgagnastofnun 2004  
Hugsuð fyrir 2. - 3. bekk

Sigurlína Jónsdóttir

## Námsumhverfi

Með þessu verkefni þurfa að vera til staðar kortabækur, bækur um steina, fjöll, jarðfræði, eldgos, jökla, bækur um gönguleiðir á fjöll og þjóðsögur um steina og fjöll, ljóð um fjöll, tónverk um íslensk og erlend fjöll. (Jón Leifs-Hekla, Grieg- In the Hall of the Mountain King), málverkabækur (Jóhannes Kjarval) o. s. frv.

Aðgangur að bókasafni, hljómflytningtækjum, tölvum.

Einnig venjulegu skólastofu föndurefni s.s. pappír, cartoni, bandi, litum, skærum, lími o.s.frv.

Öll hlustunardæmi eru með tengil á *Youtube* og sum sönglög. Önnur lög eru stjörnumerkt, \* eru „*Syngjandi skóli*“ hlustunarefni eftir Þórunni Björnsdóttur, aðgengileg á [nams.is](http://nams.is); \*\* bókinn „*Söngvasafn Ef væri ég söngvari*“ eftir Ragnheiði Gestsdóttur á meðfylgjandi geisladiski; \*\*\* má nálgast á [tonlist.is](http://tonlist.is) gegn gjaldi.

### Dæmi um sönglög

[Upp á fjall](#) (bls. 2-5)

Það búa litlir dvergar (bls. 2-5) \*\*\*

Göngum, göngum (bls. 2-5)

Í fjalladal (bls. 2-5) \*

[Frjálst er í fjallasal](#) (bls. 2-5) \*

[Hlíðin mín fríða](#) (bls. 2-5)

Með sól í hjarta (bls. 4-5) \*\*\*

[Á Sprengisandi](#) (bls. 4-5) \*

[Fjallið Skjaldbreiður](#) (bls. 6-7) \*\*\*

[Þórsmerkurljóð](#) (bls.8-9) \*\*\*

Íslandsminni (Þið þekkið fold) (bls.10-11)

[Úr Grýkukvæði](#) Stefáns í Vallarnesi (bls.12-13) \*\*

[Sofðu unga ástin mín](#) (14-15)(bls. 16-17) \*

[Það gefur á bátinn við Grænland](#) (bls. 16-17)

[Lysthúskvæði](#) (bls. 18-19)

[Vorkvöld í Reykjavík](#) (20-21) \*\*\*

[Hver á sér fegra föðurland](#) (bls. 22—23) \*\*\*

### Dæmi um hlustunarefni

[Í höll Dofra konungs/In the Hall of the Mountain King](#) – Grieg

[Við arineldinn](#) (By the fireside) – Schumann

[Eldfuglinn](#) (The Firebird) – Stravinsky

[Lysthúskvæði](#)- ísl. Þjóðlag

[Ljósíð loftið fyllir](#)-ísl Þjóðlag

[Hekla](#) – Jón Leifs

[Á sprengisandi](#)

[Moldá](#) (The Moldau) - Smetana

[Fjöll í austri fagurblá](#) - ísl. Þjóðlag

### Markmið

- Að auka lestrarfærni (fjölbreyttan lestur, t.d. skimun, leitarlestur landakorta, lesa í fjöllin og lesa upphátt fyrir aðra).
- Að vinna með stafi og hljóð, sérhljóða og samhljóða.
- Auka orðaforða.
- Að efla ritun.
- Að æfa framsögn, tjáningu og söng.
- Efla heyrnæmt og sjónræmt rýni.

### Námsmat

Nemendur gefa samnemendum stjórnur fyrir framsögn í ljóðalestri og fyrir fjallabók.

### Heimavinna

Æfa lestur á ljóði til flutnings fyrir framan bekkinn.

## Upplestur (Komdu og skoðaðu fjöllin)

- Höfundar kynntir.
- Bókin skoðuð, forsíða og baksíða og spáð í innihaldið. Einnig velt fyrir sér tengslum hennar við aðrar bækur (Komdu og skoðaðu ...).
- Bókin lesin í heild.
- Fjöllin sem nefnd eru skráð á töflu (flettistöfluna).
- Landakort skoðað. Umræða um fjöllin, hvar þau eru staðsett á landinu og hverjir hafi séð þau í raun og veru og hverjir af myndum í bókum eða blöðum og þá hvaða fjöll.

Syngja: **Upp, upp, upp á fjall** (bls. 2-5)

**Í fjalladal** (bls. 2-5)

**Það búa litlir dvergur** (bls. 2-5)

Hlusta á: [Í höll Dofra konungs](#)/**In the Hall of the Mountain King** – Grieg

## 1. Lota

Höfundar  
Bókarkápa  
Viðfangsefni(fjöll nær og fjær)  
Hlustun  
Söngur

 Ímyndið ykkur að þið séuð á leið upp í fjöllin í helli tröllanna að ná fjöregginu þeirra. Læðist með langa borða upprúllaða í höndunum. Spennan eykst í tónlistinn eftir því sem þið komist nær hellinu og hún verður háværi, það heitir crescendo < á tónlistarmáli eða með vaxandi styrk. Í lokin vakna tröllin og þið dansið trylltan dans með lausa borðana og forðið ykkur, en sólin skín á tröllin og þau verða að steini og tónlistin stoppar.

## Umræður og vinna nemenda í hóp, einslega eða í pörum

Bókin lesin aftur og ýmis orð skoðuð og skráð á flettistöfluna.  
Orð sem á að skoða eða vinna með: hóll, ás, fjall, hæð, landslag, eldstöð, jarðskorpa, kvika, yfirborð, storkna, jarðefni, sandur, mól, mold, aska, hraun, háslétta, jökull, dalur, sverfa, dyngja, gígur, gosbelti, niðursokkinn, farangur, hlífðarföt, tík, kaffæra, öskulög, jarðfræðingur, jarðskjálftamælir, bunga, skriðjökull, tindur, klettur, hamrabelti, litskrúðugur, sveitarómagi, lind, útilegumaður, sambylifsfolk, hraungjóta, rekaviður, sjófuglar, fuglabjarg, flykkjast, íbúar, eldkeila, borgarmörk, státa af, hlíð, norðanátt, skýla, stafli, kalk, tálgusteinn,

**Lykilorð:** Íslandsfjöll, jarðskorpa, eldstöðvar.

Nota meðfylgjandi blað, veiða stafi og skrifa ný orð á það (einstaklingsvinna).

Finna orð í textanum sem innihalda -f-j og skrifa þau á blað (paravinna).

Syngja: **Hlíðin mín fríða** (bls.2-5)

**Göngum, göngum** (bls. 2-5)

**Á Sprengisandi** (bls.4-5)

Hlusta á: [Á sprengisandi](#)


## 2. Lota




Hlustun  
Ný orð  
Hugtök  
Lykilorð  
Ritun - stafagerð  
Söngur





### Þjóðlag

Þjóðlag er lag sem enginn veit lengur hver samdi svo þjóðin á það saman. Bjarni Þorsteinsson safnaði saman fjölda íslenskra þjóðlag og átti stóran þátt í hve mörg þjóðlög varðveittust. [Þjóðlagasafnið á Siglufirði](#) er reist í minningu hans.

 Brokkið um gólfið, syngið og ímyndið ykkur að það séuð þið sem séuð á ferð yfir Sprengisand að kvöldlagi.

<p><b>Stöðvavinna:</b></p> <p><b>Hópur 1:</b> Býr til stórt Íslandkort á maskínupappír og skoðar hvað mismunandi litir tákna og litar kortið í réttum litum.  <b>Hópur 2:</b> Býr til stórt landshlutakort af Eyjafjarðarsvæðinu (eða sínu heimasvæði) á maskínupappír og skoðar hvað mismunandi litir tákna og litar kortið í réttum litum.  <b>Hópur 3:</b> Býr til stórt landslagskort á maskínupappír með fjöllum, dölum, hæðum, hlíðum, klettabeltum o.s. frv. Skoðar hvað mismunandi litir tákna og litar kortið í réttum litum.</p> <p>Syngja: <b>Með sól í hjarta</b> (bls. 4-5)</p> <p>Hlusta á: <a href="#">Fjöll í austri fagurblá</a> - ísl. Þjóðlag</p>	<p><b>3. lota</b></p> <p>Myndræn yfirfærsla  Hlustun  Söngur</p>
<p><b>Stöðvavinna:</b></p> <p><b>Hópur 1:</b> Skrifar inn á Íslandkortið fjallanöfnin sem nefnd eru í bókinni. Skiptast á að leita í kortabók og skrifa inn á kortið.  <b>Hópur 2:</b> Skrifar inn á landshlutakort af Eyjafjarðarsvæðinu fjöllin sem þau finna í kortabók af svæðinu.  <b>Hópur 3:</b> Merkir inn á landslagskortið fyrirbæri í landslaginu, t.d. fjall, tindur, dalur, hóll, klettur, steinn o.s.frv.</p> <p>Hver hópur kynnir sína vinnu fyrir hinum hópunum.</p> <p>Syngja: <b>Fjallið Skjaldbreiður</b> ( bls. 6-7)  <b>Frjálst er í fjallasal</b></p> <p>Hlusta á: <a href="#">Ljósið loftið fyllir</a>-ísl þjóðlag</p>	<p><b>4. lota</b></p> <p>Lestur  Ritun  Munnleg tjáning  Framsaga  Hlustun  Söngur</p> <p> <b>Gítar</b> er afkomandi <b>lútu</b> og <b>sítars</b> og kom frá Mórur á Spáni. Hann hefur sex strengi. Gítar er ekki hljómsveitarhljóðfæri en spilar stundum <b>solo (einleik)</b> með hljómsveit.</p> <p> Syngdu með gítarhljómsveitinni þjóðlagið <i>Ljósið loftin fyllir</i>, syngdu veikt sem heitir á tónlistarmáli piano og er táknað með <b>p</b></p>
<p><b>Umræða og hlustun</b></p> <p>Nemendur hlusta á brot úr tónverkum eftir ýmsa höfunda þar sem landslag er kveikjan að tónverkinu, t.d. Hekla eftir Jón Leifs</p> <p>Skoða bækur með þjóðsögum og ævintýrum um fjöll og landslag.</p> <p>Einnig skoðaðar listaverkabækur þar sem landslag er fyrirmynd myndverksins t.d:  Kjarval  Ásgrímur Jónsson</p> <p>Syngja: <b>Þórsmerkurljóð</b> ( bls.8-9)  <b>Íslandsminni</b> ( bls.10-11)  <b>Úr Grýkukvæði Stefáns í Vallarnesi</b> (bls.12-13)</p> <p>Hlusta á: <a href="#">Hekla</a> – Jón Leifs  <a href="#">Við arineldinn</a> (By the fireside) – Schumann  <a href="#">Eldfuglinn</a> (The Firebird) – Stravinsky</p>	<p><b>5. lota</b></p> <p>Hlustun  Söngur  Lestur</p> <p> Eldfuglinn er byggður á rússneskri skáldsögu. Eldfuglinn sló í gegn og kom Stravinsky á kortið vegna snilldar og litríkra tóna. Hljómur er þegar margar nótur heyrast í senn og eru ýmisst ómþíðir eða ómstríðir eftir því hvort þeir hljóma þægilega eða óþægilega í fyrstu. Í tónsmíðum Stravinsky er mikið af ómstríðum hljómunum.</p>

<p><b>Ljóð um fjöll/mat</b></p> <p>Flytja ljóð fyrir bekkinn um fjöll sem börnin fengu að fara með heim og æfa sig að lesa. Nemendur gefa flutningnum stjórnur.</p> <p>Syngja: <b>Sofðu unga ástin mín</b> (14-17) <b>Það gefur á bátinn við Grænland</b> (bls. 16-17) <b>Lysthúskvæði</b> (bls. 18-19)</p> <p>Hlusta á: <a href="#">Lysthúskvæði</a>- ísl. Þjóðlag</p>	<p><b>6. lota</b></p> <p>Framsaga</p>
<p><b>Fjöllin í nágrenni Akureyrar (eða í þínu nágrenni)</b></p> <p>Búa til bók um fjöllin og afla upplýsinga um þau og skrá í bókina. Súlur Hlíðarfjall Vaðlaheiði Kaldbakur Sólarfjall Eða fjöll úr þínu nágrenni.</p> <p>Syngja: <b>Hver á sér fegra föðurland</b> (bls. 22- 23) <b>Vorkvöld í Reykjavík</b> (20-21)</p> <p>Hlusta á: <a href="#">Moldá</a> (The Moldau) - Smetana</p>	<p><b>7. lota</b></p> <p>Lestur Ritun Tjáning Upplýsingaöflun á bókasafni eða í tölvu</p> <p> Moldá er Tónaljód. Það er gert með sögu í huga sem þú þarft að þekkja til að njóta tónverksins. Smetana þótti vænt um fósturjörðina Tékkland og sagan er um hvernig smæstu uppsprettur í fjöllum sameinast í lækir sem síðan sameinast í á sem verður sífellt vatnsmeiri. Þú fylgir ánni í gegnum landslagið frá skógunum, þar sem má heyra í hornum veiðimannanna, áfram um tún og engi þar sem brúðkaupi er fagnað með söng og dans. Ljóðið lýsir leik skógar- og vatnaálfa að nætulagi þar sem horfnar hetjur og kastalar speglast í ánni sem að lokum rennur til höfuðborgarinnar Prag.</p> <p> Hlustaðu og teiknaðu myndbrot úr sögunni.</p>
<p><b>Sýning</b></p> <p>Sýna bækurnar sínar um fjöllin. Nemendur gefa bókunum stjórnur. Syngja: Valin lög af því sem nemendur hafa lært í þemanu um fjöllin.</p>	<p><b>8. lota</b></p> <p>Tjáning Söngur</p>

Þú og Sigrína Jónsdóttir

## Söngtextar



## KOMDU OG SKOÐAÐU FJÖLLIN

**Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans**

## **Upp á fjall**

Upp, upp, upp á fjall,  
upp á fjallsins brún.  
Niður, niður, niður, niður  
alveg niður' á tún.

## **Það búa litlir dvergar**

Það búa litlir dvergar  
í björtum dal,  
á bak við fjöllin háu  
í skógarsal.  
Byggðu hlýja bæinn sinn,  
brosir þangað sólin inn.  
Fellin enduróma allt þeirra tal.

Þýð. Þórður Kristleifsson

## **Göngum, göngum**

Göngum, göngum,  
göngum upp í gilið  
gljúfrabúann til að sjá.  
Þar á klettasyllu svarti krummi  
sínnum börnum liggur hjá.

Þórður Kristleifsson

## **Í fjalladal**

Í fjalladal, í fjalladal  
er fagurt oft á vorin  
er grænkar hlíð og gróa blóm  
og glymur loft af svanahljóm.  
Í fjallasal, í fjallasal  
er fagurt oft á vorin.

Í fjalladal, í fjalladal  
er fagurt oft á haustin  
er hrimgað tindrar lauf og lyng  
og ljómar tunglskin allt í kring.  
Í fjallasal, í fjallasal  
er fagurt oft á haustin.

Guðmundur Guðmundsson

### **Frjálst er í fjallasal**

Frjálst er í fjallasal,  
fagurt í skógardal,  
heilnæmt er heiðloftið tæra.  
Hátt yfir hamrakór  
himininn blár og stór  
lyftist með ljóshvolfið skæra.

Hér uppi' í hamraþröng  
hefjum vér morgunsöng  
glatt fyrir góðvætta hörgum:  
Viður vor vökuljóð  
vakna þú, sofin þjóð!  
Björt ljómar sól yfir björgum.

### **Hlíðin mín fríða**

Hlíðin mín fríða  
hjalla meður græna,  
blágresið blíða,  
berjalautu væna,  
á þér ástaraugu  
ungu réð ég festa,  
blómmóðir besta.  
Sá ég sól roða  
síð um þína hjalla  
og birtu boða  
brúnum snemma fjalla.  
Skuggi skaust úr lautu  
skreið und gráa steina,  
leitandi leyna.

Jón Thoroddssen

### **Með sól í hjarta**

Með sól í hjarta og söng á vörum,  
við setjumst niður í grænni laut.  
Í lágu kjarri við kveikjum eldinn,  
kakó hitum og eldum graut.  
Enn logar sólin á Súlnatindi,  
og senn fer nóttin um dalsins kinn  
og skuggar lengjast og skátinn þreytist,  
hann skriður sæll í pokann sinn.

Er sem oss ómi mót  
Íslands frá hjartarót  
bergmálsins blíðróma strengir.  
Söngbylgjan hlíð úr hlíð  
hljómandi, sigurblið  
les sig og endalaust lengir.

Höfundur: Steingrímur Thorsteinsson

Og skáta dreymir í væðarvoðum  
um varðeld, kakó og nýjan dag.  
Af háum hrotum þá titra tjöldin,  
í takti, einmitt við þetta lag.

Ragnar Jóhannesson



## Á Sprengisandi

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,  
rennur sól á bak við Arnarfell.  
Hér á reiki' er margur óhreinndandinn  
úr því fer að skyggja á jökulsvell.  
:,:Drottinn leiði drösulinn minn,  
drjúgur verður síðasti áfanginn.:,:

Þei þei, þei þei. Þaut í holti tófa,  
þurran vill hún blóði væta góm,  
eða líka einhver var að húa  
undarlega digrum karlaróm.  
:,:Útilegumenn í Ódáðahraun  
eru kannski' að smala fé á laun.:,:

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,  
rökkrið er að síga' á Herðubreið.  
Álfadrotting er að beisla gandinn,  
ekki' er gott að verða' á hennar leið.  
:,:Vænsta klárinn vildi' ég gefa til  
að vera kominn ofan í Kiðagil.:,  
Grímur Thomsen

## Fjallið Skjaldbreiður

Fanna skautar faldi háum  
fjallið allra hæða val,  
hrauna veitir bárum bláum  
breiðan fram um heiðardal.  
Löngu hefur Logi reiður  
lokið steypu þessa við.  
Ógnaskjöldur bungubreiður  
ber með sóma réttnefnið.

Ríð ég háan Skjaldbreið skoða,  
skín á tinda morgunsól,  
glöðum fágur röðulroða  
reiðarslóðir, dal og hól.  
Beint er í norður fjallið fríða,  
fákur eykur hófaskell,  
sér á leiti Lambahlíða  
og litlu sunnar Hlöðufell.

Jónas Hallgrímsson

## Þórsmerkurljóð

Enþá geymist það mér í minni, María, María,  
hvernig við fundumst í fyrsta sinni, María, María.  
Upphaf þess fundar var í þeim dúr,  
að ætluðum bæði í Merkurtúr.  
María, María, María, María, María, María.

Margt skeður stundum í Merkurferðum, María, María,  
mest þó ef Bakkus er með í gerðum, María, María.  
Brátt sátu flestir kinn við kinn  
og kominn var galsi í mannskapinn.  
María, María, María, María, María, María.

Því er nú eitt sinn þannig varið, María, María,  
að áráttu kvensamra er kvennafarið, María, María.  
Einhvern veginn svo æxlaðist,  
að ég fékk þig í bílnum kysst.  
María, María, María, María, María, María.

Ofarlega mér er í sinni, María, María,  
að það var fagurt í Þórsmörkinni, María, María.  
Birkíð ilmaði, allt var hljótt,  
yfir oss hvelfdist stjörnunótt.  
María, María, María, María, María, María.

Ei við eina fjöl er ég felldur, María, María,  
og þú ert víst enginn engill heldur, María, María.  
Okkur mun sambúðin endast vel,  
úr því að hæfir kjafti skel.  
María, María, María, María, María, María.

Troddu þér nú inn í tjaldið hjá mér, María, María,  
Síðan ætla ég að sofa hjá þér, María, María.  
Svo örkuðum við saman vorn æviveg  
er ekki tilveran dásamleg?  
María, María, María, María, María, María.

Sigurður Þórarinnsson

### **Íslands minni**

Þið þekkið fold með blíðri brá  
og bláum tindum fjalla  
og svanahljómi, silungsa  
og sælu blómi valla  
og bröttum fossi, björtum sjá  
og breiðum jökulskalla.  
Drjúpi' hana blessun Drottins á  
um daga heimsins alla.

Jónas Hallgrímsson

### **Úr Grýlukvæði Stefáns í Vallanesi**

Ég þekki Grýlu og eg hef hana séð,  
;: hún er sig svo ófríð og illileg ;: með.

Hún er sig svo ófríð að höfuðin ber hún þrjú,  
;: þó er ekkert minna en á miðaldra ;: kú.

Þó er ekkert minna, og það segja menn,  
;: að hún hafi augnaráðin í hverju ;: þrenn.

Að hún hafi augnaráðin eldsglóðum lík,  
;: kinnabeinin kolgrá og kjaptinn eins og ;: tík.

### **Sofðu unga ástin mín**

Sofðu unga ástin mín.  
Úti regnið grætur.  
Mamma geymir gullin þín,  
gamla leggi og völskrín.  
Við skulum ekki vaka um dimmar nætur.

Það er margt sem myrkrið veit  
minn er hugur þungur.  
Oft ég svarta sandinn leit,  
svíða grænan engireit.  
Í jöklinum hljóða dauðadjúpar sprungur.

Sofðu lengi, sofðu rótt,  
seint mun best að vakna.  
Mæðan kenna mun þér fljótt,  
meðan hallar degi skjótt  
að mennirnir elska, missa, gráta og sakna.

Jóhann Sigurjónsson

## Það gefur á bátinn

Það gefur á bátinn við Grænland  
og gustar við sigluna kalt.  
En togarasjómanni tamast það er  
að tala sem minnst um það allt.  
En fugli sem flýgur í austur  
er fylgt yfir hafið með þrá  
og vestfirskur jökull sem heilsar við Horn  
í hylling, með sólroðna brá,  
segir velkominn heim, sértu velkominn heim.  
Þau verma hin þögulu orð.  
Sértu velkominn heim yfir hafið og heim.  
Þá er hlegið við störfín um borð.

En geigþungt er brimið við Grænland  
og gista það kýs ekki neinn.  
Hvern varðar um draum þess og vonir og þrár  
sem vakir þar hljóður og einn.  
En handan við kólguna kalda  
býr kona sem fagnar í nótt  
og raular við bláeygan, sofandi son  
og systur hans, þegjandi hljótt.  
Sértu velkominn heim, sértu velkomin heim.  
Að vestan er siglt gegnum ís.  
Sértu velkominn heim yfir hafið og heim.  
Og Hornbjarg úr djúpinu rís.

Kristján frá Djúpalæk

## Lysthúskvæði

Undir bláum sólarali  
Sauðlauks upp í lygnum dali,  
fólkið hafði af hanagali  
hversdagsskemmtun bænum á,  
fagurt galaði fuglinn sá,  
fagurt galaði fuglinn sá.

Og af fleiri fugla hjali  
frygð um sumar stundir  
Listamaðurinn lengi þar við undi.  
Gullinn runnur húsið huldi,  
hér með sína gesti duldi,  
af blakti laufa blíður kuldi  
blossa sunnu mýkti þá,  
fagurt galaði fuglinn sá,  
fagurt galaði fuglinn sá.  
Blærinn kvæði bassa þuldi,  
blaða milli drundi.  
Listamaðurinn lengi þar við undi.

Hunangsblóm úr öllum áttum,  
ilmi sætum lífga máttu,  
söngpípan í grasa gáttum  
gjörði tíða enda kljá,  
fagurt galaði fuglinn sá  
fagurt galaði fuglinn sá.  
Skjótt var liðið langt af háttum,  
lagst var allt í blundi.  
Listamaðurinn lengi þar við undi.

Eggert Ólafsson

## Vorkvöld í Reykjavík

Svífur yfir Esjunni sólroðið ský,  
sindra vesturgluggar, sem brenni í húsunum.  
Viðmjúk strýkur vanga vörgolan hlý,  
vaknar ástarþráin í brjóstum á ný.  
Kysst á miðju stræti er kona ung og heit,  
keyra rúntinn piltar, sem eru í stelpuleit,  
Akrafjall og Skarðsheiði eins og fjólubláir draumar.  
Ekkert er fegurra en vorkvöld í Reykjavík.

Tjörnin liggur kyrrsæl í kvöldsólarglóð,  
kríurnar þótt nöldri og bjástri í hólmanum.  
Hjúfra sig á bekkjunum halir og fljóð,  
hlustar skáldið Jónas á þrastanna ljóð.  
Dulin bjarkarlimi á dúnsins mjúku sæng  
dottar andamóðir með höfuð undir væng.  
Akrafjall og Skarðsheiði eins og fjólubláir draumar.  
Ekkert er fegurra en vorkvöld í Reykjavík.

Hljótt er kringum Ingólf og tæmt þar hvert tár  
tryggir hvíla rónar hjá galtómum bökkunum.  
Svefninn er þeim hóglega siginn á brár,  
sunnanblær fer mildur um vanga og hár.  
Illum er úr grasi og angan moldu frá,  
aftansólin purpura roðar vestursjá.  
Akrafjall og Skarðsheiði eins og fjólubláir draumar.  
Ekkert er fegurra en vorkvöld í Reykjavík.

Sigurður Þórarinsson

## Hver á sér fegra föðurland

Hver á sér fegra föðurland,  
með fjöll og dal og bláan sand,  
með norðurljósa bjarmaband  
og björk og lind í hlíð?  
Með friðsæl býli, ljós og ljóð,  
svo langt frá heimsins vígaslóð.  
Geym, drottinn, okkar dýra land  
er duna jarðarstríð.

Hver á sér meðal þjóða þjóð,  
er þekkir hvorki sverð né blóð  
en lifir sæl við ást og óð  
og auð, sem friðsæld gaf?  
Við heita brunna, hreinan blæ  
og hátign jökla, bláan sæ,  
hún unir grandvör, farsæl, fróð  
og frjáls - við ysta haf.

Ó, Ísland, fagra ættarbyggð,  
um eilífð sé þín gæfa tryggð,  
öll grimmd frá þinni ströndu styggð  
og stöðugt allt þitt ráð.  
Hver dagur líti dáð á ný,  
hver draumur rætist verkum í  
svo verði Íslands ástkær byggð  
ei öðrum þjóðum háð.  
Svo aldrei frammar Íslands byggð  
sé öðrum þjóðum háð.

Hulda

# Helstu hugtök, frum-, efnis- og leikniþættir tónlistar

Leiðbeiningar fyrir umsjónarkennara þegar  
samþætta á tónlist við aðrar námsgreinar



**Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans**  
Fyrir nemendur á yngsta stigi

Sigurlína Jónsdóttir

Hér að neðan fara einfaldar skýringar á helstu þáttum tónlistar sem umsjónarkennari getur huga að við sæmþættingu tónlistar við aðra námsgreinar barna á yngsta stigi:



### Hlustun

Kennarar þurfa að skapa tónlistarvænt afslappað umhverfi t.d. púðakrók. Þar fá nemendur að hlusta á fjölbreytta tónlist og fá að bregðast við henni með því að hreyfa sig, klappa, dansa eða leika á ásláttarhljóðfæri t.d. hristur eða litlar handtrommur eða hljóðfæri sem börnin hafa búið til sjálf eða fundið í náttúrunni t.d. steina, trjábúta, skeljar o.s.frv.

Ung börn hafa stutt úthald eigi aðeins að hlusta sér til ánægju. Þau þurfa tengingu við eitthvað eða ástæðu fyrir því af hverju þau eru að hlusta og eftir hverju þau eiga að hlusta t.d. ákveðnu hljóðfæri eða breytingu í hrynn (takti), styrkleika (sterkt eða veikt) eða blæ (gleði, sorg, reiði). Mörg tónverk fela í sér sögu eða ævintýri sem kveikja löngun barnanna til sköpunar t.d. að teikna, mála, móta sögupersónur eða sýna látbragð. Með æfingunni eykst úthaldið og ánægjan og tónlistarupplifunin verður kveikjan að frjóu skapandi skólastarfi. Velja þarf fjölbreytta tónlist með og án orða frá sem flestum menningarheimum.



### Söngur

Söngur fylgir allri menningu og er sjálfsprottinn og byrjar sem hjal og söngl með eða án orða. Börn söngla þegar þau leika sér og syngja með eða án orða í leik ein eða með öðrum. Oft söngla þau hendingar í leik t.d. „þú getur ekki náð mér“ eða tauta við sjálf sig þegar þau eru að dunda sér við eitthvað. Þetta getur verið upphaf af því að búa til lög og þarf að hlúa vel að með nærfærni. Velja þarf texta sem hæfa aldri og þroska barnanna og þeim hugarheimi sem þau hrærast í. Í sæmþættingu er mikilvægt að textinn eða heiti lagsins tengist á einhvern hátt viðfangsefninu í sæmþættingunni. Velja þarf tónhæð sem hæfir barnsröddinni og hafa ber í huga að þeim liggur hærra rómur en okkur fullorðna fólkinu. Gefa þarf góðan gaum að innihaldi textans, túlkun hans og stíltegund þegar sungið er. Þú syngur ekki gleðisöng með fýlusvip.

Velja þarf stutt lög fyrir yngstu börnin með ekki of vítt tónsvið þ. e. fer ekki mjög djúpt niður eða hátt upp. Kennarinn þarf að velja lög sem honum finnast áhugaverð þannig að hann smiti nemendur með áhuga sínum. Hann þarf að ná

augnsambandi við nemendur þegar hann er að kenna lögin þannig að nemendur finni og sjá áherslur í svipbrigðum hans. Gott er að leyfa nemendum að klappa púlsinn um leið og lögin eru lærð og hreyfa sig.



## Hreyfing

Hvetjið nemendur til að hreyfa sig frjálst þegar þeir syngja eða hlusta á tónlist. Seinna þegar nemendum er eiginlegt að hreyfa sig í takt við tónlistina má bæta dansi við og í framhaldinu hvetja nemendur til að búa til dans við ákveðna hentuga tónlist. Langir borðar og blöðrur sem þau hreyfa hjálpa börnum oft til að koma sér af stað. Aðstoðið börnin við að finna hvernig mismunandi líkamspartar framleiða mismunandi hljóð t.d. með höndum, fótum, fingrum og handleggjum og einnig mismunandi leiðir að koma sér á milli staða t.d. hlaupa, hoppa, renna, ganga o.s.frv. Það þarf að hjálpa þeim að finna púlsinn í tónlistinni með því t.d. að klappa taktinn, ganga taktinn eða slá á ásláttarhljófæri. Hjálpa þeim að líkja eftir fyrirbærum í umhverfinu t.d. skýjum, rigningu, vindi, stormi til að túlka tónlist. Afmarka þarf svæðið þar sem börnin hreyfa sig, það má hvorki vera of lítið eða fullt af hlutum sem hægt er að rekast á eða of stórt þannig að það bjóði upp á hlaupalæti. Nemendur æfast í að bregðast við breytingum í tónlistinni s.s. hraða, styrkleika og blæbrigðum.




## Hljóðfæraleikur

Hafið smá safn af ásláttarhljóðfærum við höndina, handtrommur, stafi, fingrasmellur og hristur og einnig hljóðgjafa sem börnin hafa útbúið sjálf. t.d. má nota sírópsdósir með mismunandi innihaldi, baunir, hrísgrjón, hveiti, skopparabolta, glerperlur, tréperlur o.s. frv. (ekki of mikið í hvern bauk). Litlar plast gosflöskur eru skemmtilegar og hægt að setja í þær mismunandi skemmtilega smáhluti s.s. marglitar perlur eða pappírsklemmur, tölur, smápeninga o.s.frv. Steinar, skeljar og ýmis eldhúsáhöld og verkfæri eru oft góðir hljóðgjafar. Einnig eru alltaf börn í bekknum sem eru að læra á hljóðfæri í tónlistarskólunum og kjörið tækifæri að fá þau til að spila á sitt hljóðfæri eða á málm- eða tréspil séu þau til staðar og félagarnir spili púlsinn (taktinn) með. Algengustu takttegundir eru tví-, þrí- eða fjórskiptur taktur og er þá klappað einn-tveir; einn, tveir, þrír; eða einn tveir, þrír- fjór og alltaf höfð áhersla á einn. Bæði í söng og hljóðfæraleik koma fyrir hraða- og styrkleikahugtök eins og hægt (largo)/hratt (allegro), sterkt (f)/veikt (p) og fjöldi ítalskra orða sem tákna form, blæ eða hughrifin sem laginu eða tónsmíðinni er ætlað á ná.



## Sköpun

Tónlist og hreyfing eru góður grunnur til að styðja við sköpunarkraftinn í börnum. Börn hafa fjórugt ímyndunarafl og þurfa rými til að gera tilraunir með hina ýmsu hljóðgjafa bæði hefðbundna og óhefðbundna. Oft má kynda undir sköpunarkraftinn og sýna þeim leiðir hvernig hægt er að kanna hljóðheiminn t.d. með því að fá þeim pappírsgjafi og spyrja: „Hvað geturðu fengið mörg mismunandi hljóð úr pappírsgjafi?“ t.d. krumpa, rífa, sveifla o.s.frv. Hvetjið börnin til að búa til dansspor við tónlist og einnig semja eigin lög eða tónverk eða hljóðverk t.d. við sögur eða ljóð. Upplagt er að kanna hljóðumhverfið t.d. á skólalóðinni, renna priki eftir járnrimlahandriði eða girðingu, slá í öskutunnur, járnror í ljósastaura o.s. frv. Einnig að hlusta eftir umhverfishljóðum eins og rigningu, vindi, sjávarnið, bílahljóðum, fólki að tala saman eða börnum að leik. Þetta gerir þau næmari fyrir því að skynja umhverfið og tónlistina og þeirri fegurð sem í henni býr.



## Lestur - ritun

Börn þurfa ekki að vera læs á nótur til að geta fært tónverkin sín í letur. Letrið þarf að sýn tvennt hvort tónninn fer upp eða niður og hvort hann er stuttur eða langur. Börnin geta t.d. gert mislög strík eftir lengd tónanna og tröppur eða strík sem vísa upp á við eða niður á við í samræmi við hreyfingu laglínunnar. Þetta hjálpar þeim að muna tónverkið sem þau eru að skapa. Einnig geta nemendur sýnt styrkleikabreytingar með vaxandi styrk (crescendo) < og dvinandi styrk (diminuendo) > með þessum viðurkenndu táknum sem þau þekkja líka úr stærðfræðinni sem meira en og minna en og auðvelt er að teikna.

Inn í hvern og einn þessara þátta falla svo **laglína, púls, hrynur(taktur), hljómur, styrkur, blær, form og stíll.**




## Hlutverk kennarans

Hlutverk kennarans er að skapa frjóan jarðveg og vera opinn og styðjandi í tónlistarupplifun með nemendum sínum.




**Komdu og skoðaðu fjöllin  
-vinnublöð-**

## Komdu og skoðuðu fjöllin - Lykilorð




ÍSLANDSFJÖLL


# Komdu og skoðaðu fjöllin - Lykilorð



## JARÐSKORPA


## Komdu og skoðuðu fjöllin - Lykilorð



ELDSTÖÐVAR


## Komdu og skoðaðu fjöllin - orðasúpa




F K M P S T J G O S B E L T I  
 F U L O N G A O R K A M S M S  
 U U N U L H R F K N O Á H E K  
 G Ó P G Ó D Ð S L R O N R Y I  
 L P L V U R S B A L Ó U A J Ð  
 A V Ú Ö A U K R K N O Ð U A J  
 B I S Ð J T O S K U D F N R Ö  
 J N S V Ó L R G A U F U T M K  
 Ö I Ó A N A P I A S H Ú R A U  
 R R R R E K A V I Ð U R R F L  
 G A H Ö F U Ð K Ú P A X R Í L  
 I Í N A H S K Ó L I R F Ý Y R  
 M L I N D R I N G U R J M S R  
 A S K A L I T A U G A R Ó Ö U  
 R L Í F E L D S T Ö Ð N G U L

Finndu orðin:

ELDSTÖÐ	REKAVIDUR	LIND
SANDUR	SKRIÐJÖKULL	FUGLABJARG
HRAUN	GOSBELTI	MÖL
ASKA	JARÐSKORPA	MOLD

## Komdu og skoðuðu fjöllin - orðaskuggar






**Finndu skuggann af orðunum hér fyrir neðan:**

**jarðskorpa, hraun, eldstöð, aska, mold, sandur, lind, gosbelti**

# Mat

Nemendur lita stjörnur og plasta og geyma hjá sér. Síðan rétta þeir upp viðeigandi stjörnu þegar þeir eru beðnir að meta vinnu félaga sinna, sína eigin eða hópsins. Síðan krossar nemandinn í réttan dálk á stjörnumatsblaðið, þ.e. ef hann fær mjög gott setur hann x í dálkinn lengst til vinstri.

## Mat - Stjörnur

	<p>Mjög góð vinna!</p>
	<p>Góð vinna!</p>
	<p>Þú getur gert betur!</p>





